



Kynfæravörtur

Kynfæravörtur eru algengur kynsjúkdómur af völdum Human Papilloma Virus (HPV). Talið er að um átta af tíu þeirra sem stunda kynlíf smitist af veirunni einhvern tímann á ævinni. Margar tegundir HPV veirunnar eru þekktar en það eru einkum tvær tegundir, HPV 6 og HPV 11, sem valda vörtum á slímhúð og húð á ytri kynfærum og við endaparmsop. Þær tengjast ekki krabbameinum en aðrar tegundir veirunnar hafa verið tengdar leghálskrabbameini og öðrum krabbameinum.

Smitleiðir

Kynfæravörtur smitast með snertingu við sýkta húð eða slímhúð við samfarir og munnmök. Við munnmök getur veiran sýkt munnhol og kok. Vörtur í munni eru þó sjaldgæfar. Smit er líklegra þegar vörtur eru sjáanlegar en veiran getur verið í húð eða slímhúð án þess að vörtur sjáist og smitast til kynlífsfélaga. Smokkurinn veitir ekki fullkomna vörn gegn smiti. Við rakstur á kynfærsvæði getur veiran dreifst á stærra svæði.

Einkenni

Vörtur geta valdið kláða og ertingu auk sársauka við samfarir ef þær eru í leggöngum eða leghálsi. Vörtur við þvagrásarop geta truflað þvaglát. Flestir finna þó ekki fyrir einkennum og vita ekki að þeir séu sýktir fyrr en vörturnar koma í ljós á ytri kynfærum. Kynfæravörtur eru ljósbleikar eða húðlitaðar örður við kynfæri og endaparmsop, oft 1-5 mm í þvermál. Þær vaxa stundum nokkrar saman í klösum.

Frá smiti og þar til vörtur birtast líður allt frá þremur vikum að tveimur árum og því getur verið erfitt að rekja smit.

Greining

Kynfæravörtur eru greindar með læknisskoðun. Yfirleitt er óþarfi að taka vefjasýni til staðfestingar.

Meðferð

Meðhöndlun á kynfæravörtum er sjaldnast nauðsynleg þótt margir óski eftir meðferð í útlitslegum tilgangi.

Kynfæravörtusýkingu er ekki hægt að uppræta með lyfjum því engin lyf eru til sem drepa veiruna. Hins vegar er hægt að eyða sjáanlegum vörtum. Ónæmiskerfið losar líkamann oftast við veiruna með tímanum og flestar kynfæravörtur hverfa því af sjálfu sér. Það getur þó tekið langan tíma, jafnvel nokkur ár. Meðferðin byggist á að eyða sýnilegum vörtum en eyðir ekki veirunni úr líkamanum og dregur ekki endilega úr smithættu. Kynfæravörtur svara ekki alltaf meðferð og nokkuð algengt er að þær birtist aftur á svipuðu svæði. Sýnilegar vörtur hverfa þó að jafnaði að lokum án sérstakrar meðferðar.

Hægt er að ávísá áburði eða kremi sem einstaklingur ber á sig sjálfur. Einnig er í boði meðferð hjá lækni þar sem vörtur eru ýmist frystar, brenndar eða skornar burt.

Meðferð með áburði eða kremi:

- Áburður sem inniheldur efnið podophyllotoxin
- Krem sem inniheldur efnið imiquimod

Meðferð hjá lækni:

- Frysting með köfnunarefni, getur þurft að endurtaka nokkrum sinnum með 1-3 vikna millibili. Árangur þessarar meðferðar er misjafn milli einstaklinga.
- Brennsla gerð í staðdeyfingu. Oft þarf að endurtaka meðferðina því vörtur geta komið aftur á sama svæði.
- Lítil skurðaðgerð í staðdeyfingu þar sem vörtur eru fjarlægðar í heild sinni. Eftir meðferðina geta vörtur birst á nálægum húðsvæðum.

Öll meðferð veldur tímabundnum, staðbundnum viðbrögðum í húð s.s. ertingu, bruna, sárum og verkjum. Örmyndanir og litabreytingar geta sést eftir meðferð.

Bólusetning

Öllum börnum á Íslandi stendur til boða bólusetning gegn HPV við 12 ára aldur. Bólefnid verndar gegn leghálskrabbameini en sumar tegundir bóluefnis vernda einnig gegn kynfæravörtusýkingu. Eldri stúlkur, drengir og fullorðnir eiga kost á að fá bóluefnið gegn lyfseðli og með því að greiða fyrir það. Best er að bólusetja áður en byrjað er að stunda kynlíf.

Kynfæravörtur og meðganga

Á meðgöngu geta kynfæravörtur stækkað og þeim fjölgað vegna hormónabreytinga. Yfirleitt minnka þær aftur og hverfa eftir barnsburð. Sjaldgæft er að börn smitist af móður við fæðingu.

Ekki þarf að gera keisaraskurð vegna kynfæravarta nema vörtur loki fyrir fæðingarveginn. Þær valda ekki ófrjósemi, fósturgöllum eða fósturláti. Þungaðar konur mega ekki nota lyf sem inniheldur efnið podophyllotoxin þar sem það getur skaðað fóstur. Hægt er að meðhöndla vörtur hjá þunguðum konum með brennslu, frystingu eða lítilli skurðaðgerð.

Eftirlit og skimun

Erfitt er að segja til um hvenær hætta á smiti er liðin hjá eftir að vörtur hverfa. Rétt er að nota smökk í byrjun allra sambanda og við skyndikynni. Eins og fyrr segir geta nokkrar tegundir HPV veirunnar, aðrar en þær sem valda vörtum, leitt til frumubreytinga í leghálsi. Ekki þarf sérstakt eftirlit vegna kynfæravarta en mikilvægt er að allar konur mæti í skimun fyrir leghálskrabbameini. Skimun stendur konum á aldrinum 23-64 ára til boða þriðja hvert ár en sýni eru tekin á heilsugæslustöðvum og hjá kvensjúkdómalæknum.

Ef grunur vaknar um kynfæravörtur má leita til göngudeildar húð- og kynsjúkdóma. Haft er samband í gegnum Landspítalaappið, sjá nánar á heimasíðu deildarinnar. Einnig má hafa samband við heilsugæslustöð.